

FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Miðvikudaginn 29. desember 2010 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8⁰⁰ á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Adolf H. Berndsen, Halldór G. Ólafsson, Péturína L. Jakobsdóttir, Jón Ólafur Sigurjónsson, Jensína Lýðsdóttir og Magnús B. Jónsson

Adolf H. Berndsen oddviti setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Ákvörðun um álagningarstuðla fasteignagjalda 2011

Sveitarstjórn Skagastrandar samþykkti svohljóðandi álagningareglur fyrir fasteignagjöld vegna gjaldaársins 2011

Fasteignaskattur:

Álagning á íbúðarhúsnæði (A-flokkur) verði 0,43% af álagningarstofni.

Álagning á opinberar stofnanir (B-flokkur) verði 1,32% af álagningastofni.

Álagning á verslunar- og iðnaðarhúsnæði verði (C-flokkur) 1,58% (1,32% + 25%) af álagningarstofni.

Lóðarleiga:

Lóðarleiga verði 1,75% af fasteignamatsverði lóða.

Vatnsskattur:

Vatnsskattur verði 0,3% af fasteignamati, lágmark 7.000 kr. og hámark 25.000 kr.

Holræsagjald:

Holræsagjald verði 0,2% af fasteignamati lóða og mannvirkja

Sorphirðugjald /sorpeyðingargjald á fasteignir:

Sorphirðugjald verði 18.500 kr./íbúð.

Sorpeyðingargjald verði 8.500 kr./íbúð.

Sorpeyðingargjald á hesthús og fjárhús verði 3.000 kr./hús í notkun.

Sorpeyðingargjöld á fyrirtæki skv. gjaldskrá.

Leiga ræktunarlóða:

Fyrir hvern ha ræktunarlóða er greitt fast leigugjald. Auk þess greiða lóðarhafar fasteignagjöld af lóðunum skv. fasteignamati.

Lóðaleiga verði 4.800 kr./ha.

Reglur um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega 2011.

Eftirfarandi reglur um niðurfellingu fasteignagjalda elli- og örorkulífeyrisþega voru samþykktar:

1. Fasteignagjöld verða eingöngu felld niður af íbúðum elli- og örorkulífeyrisþega, sem þeir búa í sjálfir.
2. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 36.000,- hjá:
 - a) Einstaklingum með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar eins og þær verða ákvarðaðar fyrir árið 2011
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 20% yfir óskertar lífeyristryggingar eins og þær verða ákvarðaðar fyrir árið 2011.

3. Fasteignagjöld lækki um allt að kr. 18.000 hjá:
- a) Einstaklingum með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar eins og þær verða ákvarðaðar fyrir árið 2011.
 - b) Hjónum eða fólki í sambúð með tekjur allt að 50% yfir óskertar lífeyristryggingar eins og þær verða ákvarðaðar fyrir árið 2011.

Skýringar:

- Með ellilífeyrisþega er átt við að einstaklingur eða annað tveggja hjóna verði a.m.k. 67 ára á árinu.
- Með örorkulífeyrisþega er átt við að einstaklingur eða annað tveggja hjóna hafi metna 75% örorku.
- Með tekjum er átt við allar skattskyldar tekjur viðkomandi þ.m.t. fjármagnstekjur.

2. Fjárhagsáætlun 2011, seinni umræða

Fyrir fundinum lá tillaga að fjárhagsáætlun 2011 sem oddviti og sveitarstjóri kynntu. Helstu niðurstöður áætlunar samstæðu eru: Skatttekjur 283.602 þús. rekstrartekjur 136.986 þús. samtals tekjur 420.588 þús. rekstrargjöld 392.910 þús. þar af kostnaður vegna launa áætlaður 213.132 þús. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliðið er áætluð jákvæð um 5.700 þús. en heildarniðurstaða að teknu tilliti til fjármagnsliða verði jákvæð um 9.236 þús. Í sjóðstreymi áætlunar er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði jákvætt um 42.176 þús. Samanlagðar fjárfestingahreyfingar eru áætlaðar 42.000 þús. Að teknu tilliti til fjárfestinga og fjármögnunarhreyfinga er áætlað að handbært fé lækki um 11.224 þús.

Fjárhagsáætlun var samþykkt samhljóða.

3. Yfirfærsla málefna fatlaðra frá ríki til sveitafélaga.

- a) Bréf SSNV dags. 17. desember 2010

Með bréfinu er helstu atriði sem varða yfirfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaganna kynnt. Þar kemur m.a. fram að áfram verði unnið eftir núverandi skipulagi hvað varðar form og þjónustu. Einnig er í bréfinu tekið saman með hvaða hætti útsvarsbreyting kemur til með að hafa áhrif á tekjur sveitarfélaga á Norðurlandi vestra.

- b) Þjónustusamningur um málaflokkinn.

Meðfylgjandi bréfi SSNV var þjónustusamningur þar sem sveitarstjórnir Akrahrepps, Blönduósbaejar, Bæjarhrepps, Dalvíkurbyggðar, Fjallabyggðar, Húnavatnshrepps, Húnaþings vestra, Skagabyggðar, Skagafjarðar og Skagastrandar gera með sér samning um þjónustu við fatlaða á starfsvæði byggðasamlags um málefni fatlaðra. Í samningnum sem gildir til 1. janúar 2014 er fjallað um helstu atriði sem varða þjónustuna. Sveitarstjórn ræddi samninginn en samþykkti hann síðan fyrir sitt leyti og fól sveitarstjóra að undirrita hann fyrir hönd sveitarstjórnar.

4. Bréf Skipulagsstofnunar, dags. 13. desember 2010.

Bréfið er afrit bréfs til Umhverfissráðuneytis þar sem er fjallað um aðalskipulag Sveitarfélagsins Skagastrandar 2010-2022 og lagt til að skipulagið verði samþykkt að þeim forsendum gefnum að svæðisskipulag Austur Húnavatnssýslu verði fellt úr gildi. Bréfið var til kynningar.

5. Fundargerðir:

a) Tólstunda- og menningarmálanefndar, 13.12.2010
Fundargerðin var samþykkt

b) Félags- og skólaþjónustu A-Hún, 20.12.2010
Meðfylgjandi fundargerðinni var fjárhagsáætlun byggðasamlagsins.
Fundargerðin var til kynningar og ekki gerðar athugasemdir við meðfylgjandi fjárhagsáætlun.

c) Stjórnar SSNV, 15.12.2010
Fundargerðin var til kynningar.

d) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 10.12.2010
Fundargerðin var til kynningar

Önnur mál

Ekki voru tekin fyrir mál undir þessum lið.

Fleira ekki tekið fyrir fundi slitið kl. 10²⁰

Adolf H. Berndsen,
Péturína L. Jakobsdóttir,
Jensína Lýðsdóttir

Halldór G. Ólafsson,
Jón Ólafur Sigurjónsson,
Magnús B. Jónsson